

Takk fyrir þessa málefnalegu grein Finnur. Það ber ekki mikið á milli okkar og áherslur samtaka eldri borgara eru í ágætu samræmi við niðurstöður og tillögur skýrslunnar.

Þú nefnir samt nokkur atriði sem þú vildir hafa með öðrum hætti, svo sem grunnviðmið fyrir sambúðarfólk, lækkun skerðingarhlutfalla og loks hafnarðu því að hafa megi hærra frítekjumark fyrir atvinnutekjur. Þetta má auðvitað ræða allt saman. Ég skal bregðast stuttlega við þessum hugmyndum.

Það er grundvallaráhersla í skýrslunni að miða úrbótatillögur við samspil almannatrygginga og lífeyrissjóða, enda skipta tekjur þaðan stærstan hluta lífeyrisþega mestu máli, eins og sýnt er í kafla IV. Þannig verður til þessi höfuðáhersla á hækkun frítekjumarks gagnvart lífeyrissjóðstekjum og einnig áherslan á hækkun grunnsins hjá almannatryggingum. Bæði var horft til þess að bæta afkomu alls þorra lífeyrisþega og bæta virkni kerfisins. Auðvitað hefði mátt leggja til meiri hækkunir en það var líka sjónarmið að hafa kostnað innan marka sem gera árangur líklegri. Þá eru þessar tillögur einnig hugsaðar sem fyrsta skref.

Þú spyrð hvers vegna ekki hafi verið lagt til að lækka skerðingarhlutföll. Í umfjöllun um þau í kafla III er reyndar bent á að þau séu há hér á landi, t.d. í samanburði við hitt fremsta skerðingarlandið (Ástralíu). Megin áhrifin af lækkun skerðingarhlutfalla eru að teigja úr lækkun greiðslna frá TR upp tekjustigann þannig að greiðslur almannatrygginga fjari út við hærri aðrar tekjur. Þannig koma smáupphæðir frá TR til fleiri. Vegleg hækkun frítekjumarks gagnvart lífeyrissjóðstekjum skilar slíkum áhrifum líka (við 100 þús. kr. frítekjumark gagnvart lífeyrissjóðstekjum fjara greiðslur TR út við 800 þús. úr lífeyrissjóði í stað 600 þús. eins og nú er fyrir eldri borgara). Það var yfirvegað val að leggja frekar áherslu á hærra frítekjumark en lægri skerðingarhlutföll því það skilar fleiri lífeyrisþegum meiri kjarabótum, sérstaklega þeim sem minna hafa úr lífeyrissjóðum.

Í kafla III er talsvert fjallað um mun á grunnviðmiði fyrir einhleypa sem búa einir og sambúðarfólk/hjón. Þar er sýnt hvernig þessi munur hefur þróast yfir tíma (frá 1990) og tekin sú afstaða að þessi munur hafi verið of mikill hér á landi. Lagt er til að hann verði ekki meiri en 10%, en óskertur lífeyrir sambúðarfólks er nú nær 20% lægri en hjá einhleypum (með heimilisuppbót). Í tillögunum um hækkun grunnsins upp í 375 þús. kr. er einnig gert ráð fyrir að grunnur sambúðarfólks fari upp í 90% af grunni einhleypa. Síðan er lagt til að framtíðarviðmið óskerts hámarkslífeyris TR verði ekki lengur bundið við lágmarkslaun heldur skilgreint sem hlutfall af miðlaunum í samfélaginu og aldrei lægra en 60% af þeim. Það myndi skila þeim árangri að grunnur sambúðarfólks yrði ekki lægri en lágmarkslaun á vinnumarkaði, sem er einmitt það markmið sem þú villt stefna að.

Loks er ég ósammála þér að það brjóti jafnræðisreglu að hafa hærra frítekjumark fyrir atvinnutekjur en aðrar tekjur. Ég tel líka að það skipti máli að hækkun frítekjumarks fyrir atvinnutekjur kostar ríkið tiltölulega lítið og einnig finnst mér skipta máli að atvinnutekjur skerði ekki lífeyrisgreiðslur í Svíþjóð og Noregi. Raunar mætti hafa sameiginlegt frítekjumark fyrir lífeyrissjóðstekjur og fjármagnstekjur og þá í kringum 115 þúsund kr. á mánuði í stað 100 þús. á lífeyrissjóðstekjur eins og lagt er til í skýrslunni. Ef það væri gert væri rétt að hafa mun hærra frítekjumark fyrir atvinnutekjur eða að afnema með öllu skerðingar vegna þeirra, sem ég tel æskilegt framtíðarmarkmið. Það myndi líka einfalda almannatryggingakerfið.

Þetta varð óhjákvæmilega svolítið langt. Bestu kveðjur.